

## I. Heiti, heimili og hlutverk

### 1. grein

Félagið nefnist SÍMON, Samtök Íslendinga í München og nágrenni.

### 2. grein

Tilgangur félagsins er:

1. Að gæta hagsmuna félagsmanna.
2. Að stuðla að góðu glensi meðal félagsmanna.
3. Að auka tengsl félagsmanna og viðhalda góðu félagslífi.
4. Að stuðla að auknum tengslum félagsmanna við menningu svæðisins.
5. Að dreifa vitneskju um menningu og hefðir Bæjaralands.
6. Að vera þjóð sinni verðugur fulltrúi í München og nágrenni.

## II. Félagsmenn

### 3. grein

Félagsmenn eru þeir einir sem búsettir eru í München eða nágrenni, og greitt hafa tilskilið árstíllag. Félagsmenn hafa einir atkvæðisrétt á félags- og aðalfundum.

Stjórn félagsins ákveður árstíllag félagsmanna. Innheimta skal árgjald félagsmanna á Þorrablóti félagsins ár hvert. Stjórn félagsins lætur útbúa félagsskírteini, sem afhenda skal hverjum félagsmanni, er hann hefur greitt árstíllag sitt. Einstaklingar með annað ríkisfang en íslenskt eiga rétt á að ganga í félagið og skulu þeir greiða árgjald til jafns við aðra.

Einungis gildir félagsmenn hafa framboðsrétt til embætta félagsins. Einstaklingar með annað ríkisfang en íslenskt hafa þó ekki framboðsrétt í embætti félagsins, nema þeir séu yfir meðallagi myndarlegir. (og tekur aðalfundur afstöðu til þess komi fram framboð frá félagsmanni sem ekki er Íslendingur)

### 4. grein

Reikningsár félagsins er á milli aðalfunda. Reikningum félagsins skal lokað 4 dögum fyrir aðalfund og skilað til gjaldkera félagsins tveimur sólarhringum fyrir aðalfund.

### III. Aðalfundur

#### 5. grein

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins og er lögmætur er 2/5 hlutar félagsmanna sækja hann. Stjórn félagsins skal boða til aðalfundar með viku fyrirvara hið skemmsta. Til hans skal boða með áberandi auglýsingum á vefsíðu félagsins og með tölvupósti. Aðalfundur skal halda að hausti ár hvert.

Tillögur til lagabreytinga skal leggja fram og birta eigi síðar en kl. 21.00 að kvöldi aðalfundar, sbr. 2.ml. 8.gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi, nema annars sé getið í lögum þessum. Stjórnin skal skipa fundastjóra eigi síðar en 15 mínútum eftir upphaf aðalfundar.

Fundastjóri skal annast framkvæmd og undirbúning stjórnarkjörs. Fundastjóri er ekki kjörgengur (í stjórnarkjöri) á aðalfundi félagsins og má ekki sitja í stjórn þess.

#### 6. grein

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Kosning fundarstjóra.
2. Annáll starfsársins.
3. Ársreikningur félagsins kynntur.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning stjórnar fyrir næsta starfsár.
6. Kosning Vefstjóra félagsins fyrir næsta starfsár.
7. Kosning formanns Þorablótsnefndar.
8. Önnur mál
9. Hin nýkjörna stjórn tekur formlega við völdum
10. Skálað fyrir nýrri stjórn og íslenskt ættjarðarlag sungið.

Aðalfundur getur ákveðið að kosning skv. 6. - 11. tl. 1.mgr. 11.gr. fari fram á framhaldsaðalfundi, þó ekki síðar en að viku liðinni. Skal hann auglýstur með 2 daga fyrirvara. Ef svo vill til að talan 4 gengur upp í ártalið sem fundurinn á sér stað á, skal syngja íslenskt jólalag sem gjaldkeri velur í byrjun fundar.

#### 7. grein

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi félagsins. Tillögum til lagabreytinga skal skila til stjórnar félagsins eigi síðar kl. 21 að kvöldi aðalfundar og þær lesnar upp fyrir viðstadda. Nái tillaga til lagabreytinga samþykki 1/2 hluta fundarmanna, fær hún gildi. Tillögur til breytinga á lögum verða ekki teknar til meðferðar nema 2/5 félagsmanna hið fæsta sé viðstaddur.

#### 8. grein

Nú hefur tillaga til lagabreytinga komið fram á réttum tíma, en ekki er mættur tilskilinn fjöldi félagsmanna skv. 8.gr, skal þá efna til framhaldsaðalfundar um tillöguna. Er sá fundur lögmætur og ályktunarfær um lagabreytinguna án tillits til fundarsóknar og fær tillagan gildi ef 1/2 fundarmanna samþykkja hana.

## **IV. Stjórn félagsins**

### **9. grein**

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi félagsins og til eins árs í senn. Stjórn félagsins skal skipuð þremur einstaklingum sem kosnir eru í eftirfarandi röð, einn í senn:

1. Formanni sem boðar til stjórnarfundar og stýrir þeim.
2. Gjaldkera sem sér um öll fjármál félagsins, og situr ríkisstjórnarfundum Bæjaralands, ef leyfi fæst til þess.
3. Ritara sem skrifar fundagerðir og brandara. Honum er gert að segja að minnsta kosti einn góðan brandara að kvöldi árlegs Þorrablóts.

Kosning skal vera leynileg og skilvirk. Aðeins þau atkvæði sem greidd eru á aðalfundi, eru gild í stjórnarkjöri.

Störf stjórnar skal vera öguð og skilvirk.

### **9.1**

Vefstjóri félagsins skal einnig kosinn á aðalfundi og heyrir hann undir stjórn félagsins.

Undir agaðri og skilvirkri stjórn stjórnar félagsins skal vefstjóri félagsins halda úti og uppfæra heimasíðu félagsins.

### **10. grein**

Ef frambjóðendur til formanns eru fleiri en tveir og enginn þeirra hlýtur meira en 50% atkvæða skal fara fram önnur umferð kosninga um formann. Þá skal aðeins kjósa á milli tveggja hæstu frambjóðendanna úr fyrri umferð og sigrar sá sem hlýtur fleiri atkvæði í þeirri seinni.

### **11. grein**

Stjórn félagsins ræður málefnum þess með þeim takmörkunum, sem lög þessi setja. Hún tekur nánari ákvarðanir um starfsemi þess og er ábyrg fyrir fjárreiðum og skuldbindingum gagnvart öðrum aðilum.

### **12. grein**

Stjórnarfundur skal boðaður með tryggilegum hætti og með eins dags fyrirvara, ef unnt er. Stjórnarfundur er ályktunarfær er þrír stjórnarmenn hið fæsta sækja fund og sitja. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

### **13. grein**

Stjórninni er skylt að efna til almenns fundar, ef 1/3 félagsmanna óskar þess skriflega. Fundir eru lögmatir er 2/5 hlutar félagsmanna sækja þá. Almennir fundir skulu auglýstir tryggilega á heimasíðu félagsins og með tölvupósti, og með eigi minna en tveggja daga fyrirvara.

### **14. grein**

Nú kemur fram vantraust á stjórn félagsins, og skal það þá hljóta sömu meðferð og afgreiðslu og lagabreytingar hvað snertir birtingarfrest, auglýsingu og samþykki. Nái vantraust fram að ganga skal fundastjóri þess fundar boðaður til almenns félagsfundar innan tveggja vikna með tryggilegum hætti og a.m.k. viku fyrirvara, auk þess sem formanni er gert að greiða eigi minna en 100 € í sjóð félagsins. Skal þar kjósa bráðabirgðastjórn skv. almennum fundarsköpum, sem situr fram að næsta aðalfundi. Sömu reglur gilda ef stjórn félagsins segir af sér.

### **15. grein**

Stjórnarmenn SÍMONAR skulu njóta almennrar kvenhylli. Sé kona kosin í stjórn SÍMONAR eða karlmaður sem einhverahluta vegna kærir sig ekki um aukna kvenhylli getur viðkomandi ekki afsalað sér þessum rétti nema hafa fyrir því rökstudda ástæðu. Afsal er háð samþykki annara stjórnarmeðlima.

## **V. Hagsmunamál**

### **16. grein**

Stjórn SÍMON-ar skal funda mánaðarlega hið minnsta og samræma þar með aðgerðir sínar, skilvirklega. Á umræddum fundi skal eigi drekka sömu bjórtegundina tvö skipti í röð. Þá er Stjórninni skylt að halda opna stjórnarfundum ekki sjaldnar en þrisvar á hverju starfsári. Einungis stjórnarmenn munu þó hafa atkvæðarétt á slíkum fundum.

### **17. grein**

Sjóður félagsins skal eingöngu notaður til þess að fjármagna og styrkja uppákomur ýmis konar sem stuðla að skemmtun og drykkju félagsmanna. Eingöngu er heimilt fjármagna bæversk eða íslensk drykkjarföng á slíkum uppákomum.

## **VI. Þorablót**

## 18. grein

Þorablótsnefnd félagsins skal skipuð þremur meðlimum félagsins. Aðalfundur kýs formann Þorablótsnefndar félagsins. Formaðurinn skipar einn fulltrúa í nefndina og formaður SÍMON-ar skipar annan. Þessir þrír aðilar sjá um allan undirbúning þorablótsins í samstarfi við stjórn samtakanna.

## 19. grein

1. Nafn Þorablótsins er Þorablót SÍMON-ar, Samtaka Íslendinga í München og Nágrenni.
2. Þorablót skal haldið í Þorra mánuði ár hvert samkvæmt fornu Íslensku tímatali.
3. Auglýsa skal Þorablótið minnst 17 dögum fyrir upphaf þess.
4. Óheimilt er að vera með leiðindamóral á Þorablótinu nema formaður þorablótsnefndar ákveði annað.
5. Dagskrá Þorablótsins er alfarið í höndum formanns Þorablótsnefndar, en þó er skylt að bjóða öllum viðstöddum upp á íslenskt brennivín.

## VII. Ýmis ákvæði

### 20. grein

Stammtisch félagsmanna skal haldið mánaðarlega og skal það auglýst með 5 daga fyrirvara á heimasíðu félagsins sem og með tölvupósti.

### 21. grein

Formaður félagsins skal hafa umsjón með því að reynt sé eftir öllum ætti að tryggja félaginu frátekið borð á Oktoberfest ár hvert. Ef formaður félagsins er karlkyns skal hann sjá til þess að félagið fái einnig frátekið borð á Starkbierfest á starfsári hans. Sé formaðurin “hipp og kúl” mun hann jafnframt taka frá borð á Frühlingfest

### 22. grein

Mögulegt er að hrifsa til sín embætti frá sitjandi embættismanni, en til þess þarf að drekka 6 Maß af Hofbräu Oktoberfest bjór á innan við 150 mínútum, í Lederhosen einum fata. Tvö óháð vitni skulu staðfesta atburðinn.

Ef stjórnarmaður í félaginu gerist sekur um það að á samkomu á vegum félagsins að “sofna” eða er óviðræðu hæfur vegna áfengisneyslu missir hann völdinn tímabundið og mun þá sá félagsmaður sem situr- eða stendur honum næst sinna hans embættisstörfum hans þangað til viðkomandi stjórnarmaður hefur náð fullum bata.

### 23. grein

Aðalfundur kýs opinbert ættjarðarlag félagsins hvert ár. Lagið skal vera íslenskt og lofsyngja Ísland og/eða Íslendinga.

#### **24. grein**

Opinberlega er styður SÍMON knattspyrnuliðið FC Bayern München í öllum keppnum, auk þess styður félagið þýska landsliðið í knattspyrnu heilshugar í öllum keppnum þess. Fari svo að íslenskt landsliðið í knattspyrnu og hið þýska etji kappi mun SÍMON ekki taka afstöðu til leiksins nema að opinber félagsfundur ákveði annað.

#### **25. grein**

Félagið fer eftir almennum fundarsköpum.

#### **26. grein**

Nú kemur fram tillaga um að félaginu skuli slitið og skal hún þá sæta sömu meðferð og tillaga til lagabreytinga skv. 8.gr.sbr. 14.gr Ákvæði 9.gr. eiga ekki við um slíka tillögu.

#### **27. grein**

Sé félaginu slitið skulu eignir þess fengnar Konsúli Íslendinga í München til varðveislu, þar til Íslendingar í München og nágrenni stofna annað félag, sem ótvírætt telst arftaki hins fyrra félags, og fær það þá eignirnar.

#### **28. grein**

Opinber hljómsveit félagsins er Die Reife Männer ®.

#### **29. grein**

Hvorki er leyfilegt að tala illa um Herr Bastian Schweinsteiger né Herr Oliver Kahn, verði félagsmaður uppvís að því að brjóta þessa reglu félagsins getur viðkomandi átt yfir höfði sér brottrekstur úr félaginu.

#### **30. grein**

Að loknum aðalfundi ár hvert skal stjórn félagsins gefa út gildandi lög þess og hafa þau aðgengileg öllum félagsmönnum á vefsíðu samtakanna.

#### **31. grein**

Stjórn félagsins skal vera svöl, reif og skilvirk. Á þann máta skal stjórn félagsins vera öðrum félagsmönnum til fyrirmyndar.